

## Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Drífu Hjartardóttur um ríkisjarðir.

1. *Hversu margar jarðir eru í eigu ríkisins?*

Landbúnaðarráðuneytið hefur eingöngu upplýsingar um ríkisjarðir sem eru á forræði þess ráðuneytis og takmarkast svarið við það. Ríkisjarðir á forræði landbúnaðarráðuneytisins eru 516.

2. *Hvernig skiptast þær eftir sýslum?*

Ríkisjarðir á forræði landbúnaðarráðuneytisins skiptast þannig eftir sýslum:

Sýsla	Fjöldi
Gullbringusýsla	11
Kjósarsýsla	7
Borgarfjarðarsýsla	25
Mýrasýsla	7
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla	20
Dalasýsla	12
Barðastrandarsýsla	27
Ísafjarðarsýslur	9
Strandasýsla	12
Vestur-Húnavatnssýsla	13
Austur-Húnavatnssýsla	8
Skagafjarðarsýsla	28
Eyjaafjarðarsýsla	31
Suður-Þingeyjarsýsla	32
Norður-Þingeyjarsýsla	14
Norður-Múlasýsla	37
Suður-Múlasýsla	56
Austur-Skaftafellssýsla	21
Vestur-Skaftafellssýsla	40
Rangárvallasýsla	49
Árnessýsla	57
<b>Samtals jarðir</b>	<b>516</b>

3. *Hversu margar þeirra eru:*

- a. nýttar af embættismönnum ríkisins,
- b. nýttar af bændum,
- c. nýttar af öðrum,
- d. í eyði?

Nýting ríkisjarða á forræði landbúnaðarráðuneytisins er þannig:

	<b>Fjöldi</b>
a. Jarðir nýttar af undirstofnunum ráðuneytisins .....	40
b. Jarðir nýttar af bændum .....	319
c. Jarðir nýttar af öðrum, nytjaleigu o.fl. ....	72
d. Jarðir í eyði .....	85
<b>Samtals jarðir</b> .....	<b>516</b>

4. *Hversu margar ríkisjarðir voru seldar árin 1991–2000?*

Fjöldi seldra ríkisjarða á forræði landbúnaðarráðuneytisins á árunum 1991–2000 var sem hér segir (fjöldi seldra jarða 1993–97 er fenginn úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórn-sýsluendurskoðun á jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins frá október 1998):

<b>Ár</b>	<b>Fjöldi</b>
1991 .....	4
1992 .....	18
1993 .....	4
1994 .....	14
1995 .....	10
1996 .....	9
1997 .....	18
1998 .....	25
1999 .....	15
2000 .....	10
<b>Samtals jarðir</b> .....	<b>127</b>

5. *Hversu margar jarðir keypti ríkið á sama tíma?*

Fjöldi jarða sem landbúnaðarráðuneytið keypti á árunum 1991–2000 var sem hér segir (fjöldi keyptra jarða 1993–97 er fenginn úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórn-sýsluendurskoðun á jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins frá október 1998):

<b>Ár</b>	<b>Fjöldi</b>
1991 .....	1
1992 .....	0
1993 .....	1
1994 .....	0
1995 .....	4
1996 .....	4
1997 .....	2
1998 .....	4
1999 .....	4
2000 .....	1
<b>Samtals jarðir</b> .....	<b>21</b>

6. *Hvert er áætlað heildarsöluverðmæti ríkisjarða á núgildandi verðlagi?*

Landbúnaðarráðherra telur sér ekki fært að svara þessari spurningu. Söluverð hverrar einstakrar jarðar er háð mati hverju sinni á jörð, ræktun, mannvirkjum og hlunnindum sem kunna að fylgja einstökum jörðum en það mat byggist einnig að verulegu leyti á ástandi og viðhaldi þessara eigna. Einnig þykir rétt að benda á að í mörgum eða flestum tilvikum eiga ábúendur ríkisjarða stóran hluta mannvirkja á jörðunum og oft öll mannvirkin sem þeir hafa ýmist keypt við upphaf ábúðar eða byggt á ábúðartíma sínum. Kemur mat þeirra mannvirkja til frádráttar söluverði jarðanna. Þessi blandaða eignaraðild ríkisins og ábúenda á ríkisjörðum gerir áætlaðan útreikning á heildarsöluverðmæti ríkisjarða illframkvæmanlegan. Landbúnaðarráðherra telur slíkan útreikning í raun óframkvæmanlegan nema fram fari mat á hverri einstakri jörð með tilheyrandi kostnaði.

7. *Er áætlað að selja ríkisjarðir, og þá hverjar?*

Áætlað er að auglýsa til sölu með opinberri auglýsingu og selja eftirtaldar jarðir:

1. Dalir II, Fáskrúðsfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu.
2. Eyjar II, Breiðdalshreppi, Suður-Múlasýslu.
3. Eystri-Torfastaðir II, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
4. Hjalli, Reykdælahreppi, Suður-Múlasýslu.
5. Hræreklækur, Hróarstungu, Norður-Múlasýslu.
6. Kirkjubær, Hróarstungu, Norður-Múlasýslu.
7. Kvoslækur, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.

Í 7. gr. fjárlaga fyrir árið 2000, nr. 124 28. desember 1999, eru heimildir til að selja eftirtaldar ríkisjarðir. Ekki hefur hins vegar verið tekin endanleg ákvörðun um hvort þær verða nýttar. Ef þessar heimildir verða nýttar verða jarðirnar auglýstar með opinberri auglýsingu fyrir milligöngu Ríkiskaupa og leitað verðtilboða í þær:

1. Blábjörg, Djúpavogshreppi, Suður-Múlasýslu.
2. Digurholt, Hornafirði, Austur-Skaftafellssýslu.
3. Framnes, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu.
4. Geitafell, Húnaþingi vestra, Vestur-Húnavatnssýslu.
5. Gufudalur I og II, Ölfusi, Árnessýslu.
6. Hólsland, Eyja- og Miklaholtshreppi, Snæfellsnessýslu.
7. Kotmúli, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu.
8. Lyngholt, Bæjarhreppi, Strandasýslu.
9. Minni-Ólafsvellir, Skeiðahreppi, Árnessýslu.
10. Nýrækt, Skagafirði, Skagafjarðarsýslu.
11. Reykjakot, Ölfusi, Árnessýslu.
12. Setberg, Dalabyggð, Dalasýslu.
13. Straumur, Dalabyggð, Dalasýslu.
14. Þverá, Ólafsfirði, Eyjafjarðarsýslu.

Þá hafa nokkrir ábúendur ríkisjarða óskað eftir að kaupa ábýlisjarðir sínar á grundvelli 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, með síðari breytingum. Ekki hefur hins vegar verið samið um verð, greiðsluskilmála o.fl. og því ekki endanlega ákveðið hvort af kaupum verður.

8. *Hversu miklar tekjur hafði ríkissjóður af ríkisjörðum árið 1999?*

Tekjur ríkissjóðs af ríkisjörðum á forræði landbúnaðarráðuneytisins voru 150.094.000 kr. árið 1999.

9. *Hver voru gjöld ríkissjóðs af ríkisjörðum árið 1999?*

Gjöld ríkissjóðs af ríkisjörðum á forræði landbúnaðarráðuneytisins voru 249.035.000 kr. árið 1999.